



Fundargerð aðalfundar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 18. september 2015, kl. 10:00 í Eldey, Ásbrú í Reykjanesbæ.

Mætt eru: Róbert Ragnarsson (f.h. Grindavíkurbæjar), Kjartan Már Kjartansson (f.h. Reykjanesbæjar), Sigrún Árnadóttir (f.h. Sandgerðisbæjar), Magnús Stefánsson (f.h. Sveitarfélagsins Garðs), Ásgeir Eiríksson (f.h. Sveitarfélagsins Voga), Laufey Kristjánsdóttir (f.h. Ferðamálasamtaka Reykjaness), Berglind Kristinsdóttir (f.h. Heklunnar), Magnea Guðmundsdóttir (f.h. Bláa Lónsins), Hanna María Kristjánsdóttir (f.h. Þekkingarseturs Suðurnesja), Johan D Jonsson, Gísli Heiðarsson, Ólafur Þór Ólafsson, Eggert Sólberg Jónsson, Þuríður H. Aradóttir og Sverrir Guðmundsson

1. Skýrsla stjórnar

Róbert Ragnarsson fór yfir störf stjórnar sem tók til starfa á aðalfundi 3. september 2014.

2. Ársreikningur 2014

Ársreikningur 2014 lagður fram og samþykktur samhljóða.

3. Starfs- og fjárhagsáætlun

Samþykkt að vísa vinnslu starfs- og fjárhagsáætlunar fyrir árið 2016 til stjórnar. Aðalfundur leggur áherslu á að vinna að innri markaðssetningu og auknum sýnileika á árinu 2016.

4. Tilnefning stjórnar

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir í stjórn í samræmi við 7. grein stofnsamþykktar félagsins:

- Johan D Jonsson af hálfu Reykjanesbæjar og Kristín Gyða Njálisdóttir til vara
- Róbert Ragnarsson af hálfu Grindavíkurbæjar og Jón Þórisson til vara.
- Ásgeir Eiríksson og Guðjón Þ. Kristjánsson af hálfu Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga og Gísli Heiðarsson og Sigrún Árnadóttir til vara.
- Berglind Kristinsdóttir, Kristín Vala Matthíasdóttir og Laufey Kristjánsdóttir af hálfu annarra aðila sem aðild eiga að stofnuninni og Hjálmar Árnason, Magnea Guðmundsdóttir og Hanna María Kristjánsdóttir til vara.

Samþykkt samhljóða.

5. Kosning endurskoðenda

Aðalfundur felur stjórn að taka ákvörðun um endurskoðendur á grundvelli útboðs.

6. Ákvörðun um greiðslu þóknunar til stjórnarmanna

Stjórn mun ekki þiggja laun þar til annað er ákveðið.

7. Ákvörðun um árgjald næsta árs

Róbert kynnti tillögu að framlögum til Reykjanes jarðvangs á árinu 2016. Aðalfundur samþykkir tillöguna og vísar til aðilarfélaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:50.

Fundargerð ritaði: ESJ